

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní 2005

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrri helming ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu er breyting á handbæru fé frá rekstri jákvæð um 15,5 milljarða króna á tímabilinu, sem er 26 milljörðum króna betri útkoma heldur en áætlað var. Einnig er útkoman 17,8 milljörðum betri en á sama tíma í fyrra. Tekjurnar hækka um 32 milljarða, á meðan að gjöldin hækka um 13,5 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 25,9 milljarða króna miðað við 0,9 milljarða neikvæða stöðu í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á tímabilinu janúar til júní 2005 námu 165,5 milljörðum króna og hækkuðu um 32 milljarða frá sama tíma í fyrra, eða um tæp 24%. Þar af námu skatttekjur ríkissjóðs um 148 milljörðum króna sem er hækkan um 18,7% frá sama tíma í fyrra, og er það nokkru meira en gert var ráð fyrir í áætlunum. Á sama tímabili hækkaði almennt verðlag um 3,9% þannig að skatttekjur hækkuðu að raungildi um 14,3%.

Skattar á tekjur og hagnað námu 48,7 milljörðum króna á tímabilinu sem er 15,5% hækkan frá fyrra ári. Þar af hækkuðu tekjur af tekjuskatti einstaklinga um 10,3% en skatttekjur vegna lögaðila drögust saman um 1%. Tekjur af fjármagnstekjuskatti jukust umtalsvert á milli ára, eða um 54% sem rekja má til aukinna fjármagnstekna af arði og vaxtatekjum. Innheimta tryggingagjalda á tímabilinu nam rúmlega 15,5 milljörðum króna sem er 15,7% aukning frá fyrra ári. Til samanburðar má geta þess að launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,5% á sama tímabili. Innheimta eignarskatta jókst einnig töluvert á milli ára, eða um 51% að raungildi en sú aukning endurspeglar að mestu aukna innheimtu stimpilgjalda. Aðrar rekstrartekjur námu 17 milljörðum króna og jukust um 8,3 milljarða milli ára sem skýrist einkum af arðgreiðslum frá Landssímanum og sektargreiðslum olúfélaganna.

Veltuskattar ríkissjóðs jukust einnig miðað við sama tímabil í fyrra, eða um 18,6% sem er 14,1% aukning að raungildi en þar munar mestu um innheimtu tekna af virðisaukaskatti sem jókst um 21%. Vörugjöld af ökutækjum skiluðu jafnframt töluvert meiri tekjum inn en í fyrra en þau jukust um 76,3% milli ára.

Greidd gjöld námu 151,9 milljörðum króna og hækkuðu um 13,5 milljarða frá fyrra ári, en þar af skýrast 5,7 milljarðar af hækkan vaxtagreiðslna þar sem stór flokkur spariskírteina kom til innlausnar í apríl. Að vöxtum frátöldum hækka gjöldin um 6% milli ára. Útgjöld til félagsmála, þ.e. vegna almannatrygginga, fræðslu- og heilbrigðismála, vega langþyngst í útgjöldum ríkissjóðs, eða 96 milljarðar sem er 63%. Þar kemur fram 6,2 milljarða króna hækkan, eða 6,9%. Innan málaflöksins munar mest um hækkan til heilbrigðismála, 3,8 milljarða og 2,5 milljarða vegna fræðslumála. Á móti vegur að greiðslur vegna almannatrygginga lækka lítillega og greiðslur til atvinnumála standa nánast í stað milli ára.

Lánahreyfingar. Afborganir lána námu 30 milljörðum sem skiptast þannig að 16,2 milljarðar eru vegna afborgana erlendra langtímalána og 13,7 milljarðar vegna spariskírteina. Lántökur námu samtals 9,6 milljörðum króna, 5,3 milljarðar innanlands í formi ríkisvixla og ríkisbréfa og 4,3 milljarðar í erlendum skammtímalánunum. Þá voru 1,9 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar sjóðsins. Handbært fé ríkissjóðs jókst um 3,6 milljarða frá áramótum fram til júníloka.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar - júní 2005 (í milljónum króna)

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Innheimtar tekjur.....	107.930	113.244	130.556	133.583	165.540
Greidd gjöld.....	109.578	120.944	127.670	138.399	151.887
Tekjujöfnuður.....	-1.648	-7.700	2.886	-4.816	13.653
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	3	-39	-12.059	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda.....	-1.929	277	114	2.574	1.883
Handbært fé frá rekstri.....	-3.574	-7.462	-9.059	-2.243	15.536
Fjármunahreyfingar.....	-96	3.118	17.596	4.251	10.379
Hreinn lánsfjárfjöfnuður.....	-3.669	-4.343	8.424	-858	25.915
Afborganir lána.....	-21.982	-19.484	-17.952	-28.604	-30.002
Innanlands.....	-7.229	-9.344	-5.545	-3.601	-13.775

Erlendis.....	-14.753	-10.141	-12.408	-25.004	-16.227
Greiðslur til LSR og LH.....	-7.500	-4.500	-3.750	-3.750	-1.900
Lánsfjárfjöfnuður brúttó.....	-33.152	-28.328	-13.279	-33.212	-5.988
Lántökur.....	31.359	24.892	14.038	34.780	9.579
Innanlands.....	10.538	6.937	12.661	11.228	5.305
Erlendis.....	20.821	17.955	1.377	23.552	4.274
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	-1.793	-3.435	760	4.435	3.591

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Skatttekjur í heild.....	108.589	124.694	148.051	4,5	4,1	14,8	18,7
Skattar á tekjur og hagnað.....	35.682	42.183	48.739	4,2	-0,9	18,2	15,5
Tekjuskattur einstaklinga.....	27.754	30.962	34.146	13,2	3,7	11,6	10,3
Tekjuskattur lögaðila.....	2.157	4.876	4.820	-41,2	-38,7	126	-1,1
Skattur á fjármagnstekjur o.fl.....	5.771	6.345	9.773	16,4	1,1	9,9	54
Tryggingagjöld.....	11.889	13.450	15.572	10,3	7,5	13,1	15,8
Eignarskattar.....	4.050	4.781	7.497	-2,3	-20,6	18	56,8
Skattar á vöru og þjónustu.....	56.669	64.058	75.956	4,1	9,3	13	18,6
Virðisaukaskattur.....	38.017	43.200	52.290	7,7	8,4	13,6	21
Aðrir óbeinir skattar.....	18.652	20.858	23.666	-2,6	11,2	11,8	13,5
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	2.082	2.904	5.120	-17,1	46,2	39,5	76,3
Vörugjöld af bensíni.....	3.475	3.934	3.887	-2,2	-0,5	13,2	-1,2
Þungaskattur.....	1.986	2.273	2.603	-6,1	1,7	14,5	14,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald.....	4.709	4.823	5.129	2	19,4	2,4	6,3
Annað.....	6.399	6.924	6.927	-0,5	7,5	8,2	0
Aðrir skattar.....	299	224	287	8,9	-5,7	-25,1	28,1
Aðrar tekjur.....	21.967	8.890	17.488	10,7	145,7	-59,5	96,7
Tekjur alls.....	130.556	133.583	165.540	4,9	15,3	2,3	23,9

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>
Almenn mál.....	13.301	14.113	14.621	16,4	2,5	6,1	3,6
Almenn opinber mál.....	7.343	7.649	7.897	22,2	-0,7	4,2	3,2
Löggæsla og öryggismál.....	5.958	6.464	6.724	9,3	6,8	8,5	4
Félagsmál.....	79.407	89.879	96.107	12,1	10,5	13,2	6,9
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	17.785	20.293	22.838	11,8	7,1	14,1	12,5
Heilbrigðismál.....	33.830	35.805	39.643	13,8	12,2	5,8	10,7
Almannatryggingamál.....	23.200	28.611	27.763	8,6	11,5	23,3	-3,0

Atvinnumál.....	18,092	19.324	19.513	3,6	4,9	6,8	1,0
Þar af: Landbúnaðarmál.....	5.646	5.672	5.886	-3,0	1,5	0,5	3,8
Samgöngumál.....	7.680	8.558	8.316	9,5	7,4	11,4	-2,8
Vaxtagreiðslur.....	10.365	8.741	14.393	7,7	-22	-15,7	64,7
Aðrar greiðslur.....	6.504	6.343	7.253	4,6	16,5	-2,5	14,3
Greiðslur alls.....	127.670	138.399	151.887	10,4	5,6	8,4	9,7